



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstremisýfirlit	9
Skýringar	10-28

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Starfsmönnum Lánasjóðsins fjölgaði um einn á tímabilinu og starfa nú fjórir starfsmenn hjá sjóðnum.

Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 248,3 milljónum króna samanborið við 477,8 milljónir króna á sama tíma árið 2020. Breyting á milli ára skýrist aðallega af minni gjaldeyrismun vegna styrkingar krónunnar og lækkun vaxta af lánum af eigin fé í kjölfar vaxtalækkunar Seðlabanka.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 159,5 milljarðar króna á móti 143,6 milljörðum króna í árslok 2020. Útlán og kröfur sjóðsins námu 152,4 milljörðum króna í lok tímabilsins samanborið við 135,7 milljarða í árslok 2020. Þá nam eigið fé 19,3 milljörðum króna á móti 19,1 milljarði króna í árslok 2020 og hefur hækkað um 1,3% á tímabilinu. Ákveðið var að greiða ekki út arð vegna hagnaðar 2020 til að styrkja stöðu sjóðsins enn frekar og tryggja vöxt eigin fjár. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálaafyrirtæki er 336% og án mildunar 54% en var 454% í árslok 2020 eða 61% án mildunar.

Hluthafar sjóðsins eru 69. Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 28.

Lánasjóðurinn gaf út 1,1 milljarð af grænu skuldabréfi LSS040440 GB í febrúar 2020. Fjármögnuð voru 10 umhverfisbætandi verkefni hjá fimm sveitarfélögum á árinu 2020 eða samtals 957 milljónir króna. Á fyrri hluta ársins 2021 voru veitt lán að fjárhæð 113 milljónir króna til tveggja verkefna hjá einu sveitarfélagi til viðbótar. Lánasjóðurinn gaf út framvinduskýrslu grænna útlána í apríl 2021 þar sem tekinn er saman umhverfislegur ávinningur þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur fjármagnað með grænum lánveitingum.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði. Á tímabilinu hélt sjóðurinn 6 útboð í flokkum, LSS150434, LSS151155 og LSS040440 GB og var heildarsöluvirði þeirra útboða 18,5 milljarðar króna. Til samanburðar voru á árinu 2020 haldin 10 útboð yfir allt árið og var heildarsöluvirði þeirra útboða 31,8 milljarðar króna. Heildar útgefið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS150434 er 94,7 milljarðar króna í lok tímabilsins, 26,3 milljarðar króna í flokki LSS151155 og 1,1 milljarðar króna í LSS040440 GB.

Aðalfundur Lánasjóðsins var haldinn rafrænt, sökum aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 faraldursins, þann 26. mars 2021. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að á árinu 2021 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2020 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár. Það er hagur sveitarfélaga í landinu að geta leitað til Lánasjóðsins þegar á reynir og með ákvörðunni um að greiða ekki arð jókst svigrúm sjóðsins til að styðja við og þjónusta stærstu sveitarfélögin frá því sem annars væri. Einnig samþykkti fundurinn tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins er varðar stofnun málsvarnarsjóðs og sérreglur um málsvarnarsjóðinn. Málsvarnarsjóðurinn er sérmerktur bankareikningur í eigu sjóðsins, sem hefur það markmið að greiða málsvarnarkostnað stjórnarmanna og starfsmanna sem stofnast getur til vegna mála sem beint er að þeim vegna starfa þeirra hjá félaginu samkvæmt sérreglum.

Alþingi samþykkti í mars breytingu á lögum um Lánasjóðinn nr. 150/2006 til bráðabirgða. Breytingin heimilar Lánasjóðnum, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr., að veita lán til að mæta rekstrarhalla sveitarfélaga, auk rekstrarhalla stofnana og fyrirtækja þeirra sem sinna lögmæltum verkefnum og ekki eru í samkeppnisrekstri, á rekstrarárunum 2020 - 2022.

Áhættuþættir

Eiginfjárlutfall

Fjármálaafyrirtækjum ber að nota viðeigandi eiginfjárauka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Lánasjóðnum ber að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall, 2,50% í verndunarauka frá 19. mars 2020. Eiginfjárfrafa fyrir Lánasjóðinn þann 30. júní 2021 er því 10,50%.

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69.gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall sjóðsins 336% þann 30. júní 2021, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Nýting á veittri heimild er til þess fallin að styrkja stöðu og hlutverk Lánasjóðsins enn frekar. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 61% í árslok 2020 eða 454% með mildun. Sjá nánar í skýringu 25.

Útlánaáhætta

Þann 30. júní 2021 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánasjóðsins að nýta sér viðkomandi mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, fá umræddar áhættuskuldbindingar, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án mildunar væru sjö áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok tímabilsins en voru sex í árslok 2020.

Lausafjárstýring

Í samræmi við lög nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands þá er honum heimilt að ákveða hvaða innlánsstofnunum er heimilt að eiga innistæður í bankanum og hvaða lánastofnanir geta átt regluleg viðskipti við bankann. Viðskiptareikningum Lánasjóðsins hjá Seðlabankanum var lokað frá og með 31. mars 2020.

Lausafjárstýring sjóðsins hefur því breyst við þessa ákvörðun Seðlabankans og er nú viðameiri en áður. Áhersla hefur verið lögð á áhættulausar og áhættulitlar fjárfestingar. Þannig hefur verið fjárfest í ríkisbréfum og ríkisvixlum, sértryggðum skuldabréfum, peningamarkaðsinnlánum og lausafjárstöðum viðskiptabankanna. Áhrif stýrivaxtalækkanna hefur þannig meiri áhrif nú þegar ávöxtun á ríkisbréfum til skamms tíma er neikvæð.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu 4.

Efnahagsþættir

Áhrif COVID-19 faraldursins eru víðtæk og mikil á efnahag landsins. Seðlabanki Íslands greip til víðtækra aðgerða til að milda áfallið fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og styðja við fjármálakerfið. Stýrivextir voru lækkaðir um samtals 1 prósentustig, bindisskylda lánastofnana lækkuð úr 1% niður í 0%, skilgreining á veðhæfum eignum í viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann útvíkkuð og sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki aflétt. Seðlabankinn hefur keypt ríkisskuldabréf á eftirmarkaði til að tryggja aukið fjármagn í umferð og halda niðri ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréf.

Ávöxtunarkrafa stuttra ríkisskuldabréfa er nú neikvæð á markaði. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans hefur haft þau áhrif að Lánasjóðurinn hefur fengið góða ávöxtunarkröfu í útboðum sínum og stendur sveitarfélögum til boða að taka útlán hjá sjóðnum til 13 ára eða til ársins 2034 á 1,10% föstum verðtryggðum vöxtum. Lægri útlánvextir skila sér til sveitarfélaga í lægri vaxtakostnaði.

Nánari umfjöllun um efnahagsleg áhrif COVID-19 er að finna í skýringu 2.

Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og fylgir nýjustu útgáfu af "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015. Á árinu 2020 fékk Lánasjóðurinn viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsjónaraðili viðurkenningarferils er Stjórnvísir. Það er hlutverk stjórnar að gæta þess að sjóðurinn sé rekinn í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda á hverjum tíma. Meginhlutverk sjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfjármagn á sem hagstæðustu kjörum.

Áritun og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna fyrstu sex mánaða ársins 2021 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reglna þar að lútandi.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur samandreginn árshlutareikningur sjóðsins glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2021 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2021.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2021

Kristinn Jónasson
stjórnarformaður

Arna Lára Jónsdóttir

Helga Benediktsdóttir

Elliði Vignisson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Samandreginn árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á samandregnum árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 25. ágúst 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2021

		2021	2020
	Skýr.	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		5.245.207.631	3.470.523.481
Vaxtagjöld og verðbætur		<u>(4.904.540.978)</u>	<u>(3.041.845.642)</u>
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	340.666.653	428.677.839
Aðrar rekstrartekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	51.326.846	91.357.744
Hreinn gjaldeyrismunur	7	(23.282.192)	69.644.628
Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9	15	<u>(3.655.210)</u>	<u>(2.590.117)</u>
Aðrar rekstrartekjur samtals		24.389.444	158.412.255
Hreinar rekstrartekjur		365.056.097	587.090.094
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	8	48.200.120	42.514.319
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	9	29.106.012	29.566.160
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		6.384.000	6.419.000
Annar rekstrarkostnaður	10	<u>33.031.260</u>	<u>30.746.051</u>
Almennur rekstrarkostnaður samtals		116.721.392	109.245.530
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		<u>248.334.705</u>	<u>477.844.564</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þýntur hagnaður á hlut	11	0,05	0,10

Efnahagsreikningur 30. júní 2021

	Skýr.	30.6.2021	31.12.2020
Eignir			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	12	3.835.091.309	3.030.754.496
Markaðsverðbréf og skuldabréf	13	2.904.370.018	447.960.077
Útlán og kröfur á lánastofnanir	14	287.585.545	4.348.679.876
Útlán og kröfur á viðskiptavini	15,18	152.428.577.346	135.712.489.221
Skammtímaútlán		0	9.838.479
Málsvarnarsjóður	16	7.500.000	0
Rekstrarfjármunir	17	41.625.610	42.223.424
Aðrar eignir		1.743.790	1.365.438
Eignir samtals		<u>159.506.493.618</u>	<u>143.593.311.011</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19,18	138.207.888.747	122.528.788.298
Aðrar langtímalántökur	20	1.409.037.435	1.501.375.947
Skammtímalántökur	21	482.459.888	403.959.163
Lífeyrisskuldbinding	22	85.601.954	87.564.570
Leiguskuldbinding	23	2.876.898	2.876.898
Aðrar skuldir	24	8.491.378	6.943.522
Skuldir samtals		<u>140.196.356.300</u>	<u>124.531.508.398</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Bundinn varasjóður		1.286.643.083	1.270.657.232
Annað eigið fé		13.023.494.235	12.791.145.381
Eigið fé samtals	25	<u>19.310.137.318</u>	<u>19.061.802.613</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>159.506.493.618</u>	<u>143.593.311.011</u>

Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2021				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.270.657.232	12.791.145.381	19.061.802.613
Hagnaður tímabilsins			248.334.705	248.334.705
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		15.985.851	(15.985.851)	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.286.643.083	13.023.494.235	19.310.137.318
Breytingar á eigin fé 2020				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.252.307.222	12.026.090.158	18.278.397.380
Hagnaður tímabilsins			477.844.564	477.844.564
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		47.718.178	(47.718.178)	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.300.025.400	12.456.216.544	18.756.241.944
Hagnaður júlí - desember			305.560.669	305.560.669
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		(29.368.168)	29.368.168	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.270.657.232	12.791.145.381	19.061.802.613

*Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 25.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

	Skýr.	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		248.334.705	477.844.564
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(340.666.653)	(428.677.839)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir	15, 19	624.402.534	192.613.889
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	15, 19	(505.676.111)	(129.023.866)
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9	15	3.655.210	2.590.117
Afskriftir	17	597.814	597.814
		<u>(217.687.206)</u>	<u>(361.899.885)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina		(19.132.985.202)	(15.323.230.607)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina		5.785.587.955	5.534.122.382
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka		18.296.638.132	15.033.913.388
Afborganir verðbréfaútgáfu og annara langtímalána		(5.421.310.963)	(3.992.146.926)
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum		(772.895.303)	(3.010.332.656)
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum		(2.447.895.140)	(2.512.273.478)
Breytingar á veittum skammtímalánum		9.816.759	433.000.000
Breytingar á teknum skammtímalánum		78.421.481	91.597.767
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu		(1.962.616)	(1.738.562)
Breytingar á öðrum eignum		(378.352)	463.067
Breytingar á öðrum skuldum		1.547.856	2.026.598
Innheimtir vextir		1.759.877.215	1.744.339.497
Greiddir vextir		<u>(2.241.334.925)</u>	<u>(1.717.678.166)</u>
		<u>(4.086.873.103)</u>	<u>(3.717.937.696)</u>
Handbært fé (til) rekstrar		(4.056.225.604)	(3.601.993.017)
Fjárfestingarhreyfingar			
Lagt í málsvarnarsjóð	16	<u>(7.500.000)</u>	<u>0</u>
		<u>(7.500.000)</u>	<u>0</u>
(Lækkun) á handbæru fé		(4.063.725.604)	(3.601.993.017)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		2.631.273	(37.687.056)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>4.348.679.876</u>	<u>5.113.557.284</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u>287.585.545</u>	<u>1.473.877.211</u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Útlán og kröfur á lánastofnanir		<u>287.585.545</u>	<u>1.473.877.211</u>
		<u>287.585.545</u>	<u>1.473.877.211</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits, Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í NASDAQ Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árslutareikning sjóðsins þann 25. ágúst 2021.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árslutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árslutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samandreginn árslutareikningur inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ Iceland hf., www.nasdaqomxnordic.com.

Rekstrarhæfi

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Samandreginn árslutareikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Mat og ákvarðanir

Gerð árslutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaáðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árslutareikningum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Efnahagsleg áhrif COVID-19 faraldursins

Baráttan við COVID-19 faraldurinn heldur áfram. Stjórnvöld hafa gripið til fjölda efnahagsúrræða sem nýst hafa heimilum og fyrirtækjum með beinum eða óbeinum hætti. Aðgerðirnar miðuðust að því að milda og draga úr áhrifum á fyrirtæki og hagkerfið og stuðla að skjótum bata. Aðgerðirnar beindust að því að draga úr atvinnuleysi og áhrifum tekjumissis einstaklinga með greiðslu hlutabóta vegna skerts starfshlutfalls. Fyrirtækjum var boðið uppá tekjufalls- og viðspyrnustyrk til að viðhalda lágmarksstarfsemi auk þess sem þau gátu sótt um lán hjá lánastofnunum með ábyrgð ríkisins. Ríkissjóður jók flæðið í hagkerfinu með auknum ríkisútgjöldum, sérstaklega í formi framkvæmda og fjárfestinga. Til að fjármagna aukin ríkisútgjöld jók ríkissjóður skuldabréfaútgáfu sína.

Áhrif COVID-19 á sveitarfélögin

Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga á niðurstöðum ársreikninga fyrir 63 af 69 sveitarfélögum má sjá að afkoma A - hluta sveitarfélaga fyrir árið 2020 var töluvert lakari en árið 2019. Rekstrarafgangur var neikvæður um 8,75 milljarða króna samanborið við jákvæðan rekstrarafgang um 14,6 milljarða árið á undan, viðsnúningur sem nemur rúmlega 23 milljörðum króna. Þrátt fyrir 3,7% aukningu í tekjum þá hafa gjöldin aukist um 10,1%. Minnkandi framlegð sveitarfélaga er þannig áhyggjuefni ef viðsnúningur verður ekki sýnilegur næstu misserin.

Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins

Lánasjóðurinn gaf út útgáfuáætlun fyrir árið 2021, sem hljóðar uppá 30 - 36 milljarða. Sjóðurinn sér fram á að útgáfa ársins verði sambærileg og í fyrra. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga hafa aukist um 11% á milli ára. Skuldir í hlutfalli af tekjum hafa einnig aukist úr 104% í 112%. Ríkissjóður hefur hvatt sveitarfélög til að fylgja sér eftir í auknum útgjöldum í formi framkvæmda og fjárfestinga, sem veldur auknum lántökum hjá sveitarfélögum.

Lánasjóðurinn hefur fengið bráðabirgðaheimild í lögum um sjóðinn nr. 150/2006 til að veita lán til að mæta rekstrarhalla sveitarfélaga, auk rekstrarhalla stofnana og fyrirtækja þeirra sem sinna lögmæltum verkefnum og ekki eru í samkeppnisrekstri, á reikningsárunum 2020 - 2022.

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem það veitir honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69.gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall sjóðsins 336% þann 30. júní 2021, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Nýting á veittri heimild er til þess fallin að styrkja stöðu og hlutverk Lánasjóðsins enn frekar. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 61% í árslok 2020 eða 454% með mildun. Sjá nánar í skýringu 25.

Mat á væntu útlánatapi

Ekki er ástæða til breytinga á mati á væntu útlánatapi sökum áhrifa af COVID-19. Sveitarfélögin hafa heimild til að veita Lánasjóðurinn veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldprotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í rekstri einstaka sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla áfram undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

3. Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir

Við gerð árschlutareikningsins er beitt sömu reikningskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2020.

4. Áhættustýring

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhættu er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýrnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Veð í tekjum

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2021 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stórar áhættuskuldbindingar

Þann 30. júní 2021 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna lögbundinnar sérstöðu Lánasjóðsins hefur hann ákveðið, frá og með 30. júní 2020, að nýta sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar 835/2012. Við beitingu mildunar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án mildunar væru sjö áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok tímabilsins en voru sex í árslok 2020.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn lánar eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2021	31.12.2020
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Útlán og kröfur á lánastofnanir	288	4.349
Útlán og kröfur á viðskiptavini	152.429	135.722
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	3.835	3.031
Markaðsverðbréf og skuldabréf	2.904	448
Samtals mótaðilaáhætta	159.456	143.550

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af vaxtaberandi skuldum sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 30.6.2021 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Útlán og kröfur á lánastofnanir	288	-	-	-	-	288
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	100	1.676	87	1.723	311	3.897
Markaðsverðbréf og skuldabréf	-	851	1.894	165	-	2.910
Útlán og kröfur á viðskiptavini	190	2.976	13.661	54.896	110.038	181.761
Samtals fjáreignir	578	5.503	15.642	56.784	110.349	188.856
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	482	2.297	13.525	51.521	108.285	176.110
Samtals fjárskuldir	482	2.297	13.525	51.521	108.285	176.110
Nettó eignir - skuldir	96	3.206	2.117	5.263	2.064	12.746

Staða 31.12.2020 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Útlán og kröfur á lánastofnanir	4.349	-	-	-	-	4.349
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	3.031	-	-	-	-	3.031
Markaðsverðbréf og skuldabréf	448	-	-	-	-	448
Útlán og kröfur á viðskiptavini	194	2.954	11.687	49.940	98.476	163.251
Samtals fjáreignir	8.022	2.954	11.687	49.940	98.476	171.079
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	404	3.004	10.874	46.822	96.101	157.205
Samtals fjárskuldir	404	3.004	10.874	46.822	96.101	157.205
Nettó eignir - skuldir	7.618	(50)	813	3.118	2.375	13.874

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2021 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	13.521	42.941	44.900	46.857	148.219
ISK óverðtryggt	8.276	1.252	-	-	9.528
EUR	1.594	-	-	-	1.594
USD	38	-	-	-	38
GBP	9	-	-	-	9
JPY	35	-	-	-	35
CHF	67	-	-	-	67
Samtals fjáreignir	23.540	44.193	44.900	46.857	159.490
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	12.385	37.392	41.450	46.980	138.207
ISK óverðtryggt	482	-	-	-	482
EUR	1.409	-	-	-	1.409
Samtals fjárskuldir	14.276	37.392	41.450	46.980	140.099
Nettó eignir - skuldir	9.264	6.801	3.450	(123)	19.391

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2020 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	12.941	38.020	36.823	43.520	131.304
ISK óverðtryggt	10.406	-	-	-	10.406
EUR	1.704	-	-	-	1.704
USD	41	-	-	-	41
GBP	9	-	-	-	9
JPY	41	-	-	-	41
CHF	75	-	-	-	75
Samtals fjáreignir	25.217	38.020	36.823	43.520	143.580
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	10.843	34.239	33.439	44.008	122.529
ISK óverðtryggt	404	-	-	-	404
EUR	1.501	-	-	-	1.501
Samtals fjárskuldir	12.748	34.239	33.439	44.008	124.434
Nettó eignir - skuldir	12.469	3.781	3.384	(488)	19.146

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta (framhald)

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30. júní 2021, allra eigna og skulda, miðað við meðallíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum lækkar hreinar rekstrartekjur Lánasjóðsins um 127 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,66% af eigin fé til samanburðar við 208 milljónir í árslok 2020. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við meðallíftímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2021	31.12.2020
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	(83)	(185)
ISK óverðtryggt	100	(44)	(22)
Erlendar myntir	100	0	(1)
Samtals		(127)	(208)

Verðbólguáhætta

Þann 30. júní 2021 átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 10.012 milljónir króna í samanburði við 8.775 milljónir króna í árslok 2020. Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 100 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 100 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	30.6.2021	31.12.2020
Verðtryggðar eignir	148.219	131.304
Verðtryggðar skuldir	138.207	122.529
Nettó verðtryggingarstaða	10.012	8.775

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

